



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 11. mars 2022
Málsnr. 2106009/PBG/HH

Efni: Heimilislausir með fjölþættan vanda - 2104008

Á 537. fundi stjórnar SSH, hinn 7. mars 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Heimilislausir með fjölþættan vanda - 2106009

Ofangreint var einnig til umræðu á 527. og 531. fundum stjórnar. Fyrirliggjandi er minnisblað Rannveigar Einarsdóttur, dags. 1. nóvember 2021, sem áður hefur verið lagt fram, á 531. fundi. Þar kemur fram tillaga um að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur ráði verkefnastjóra til að vinna að framgangi verkefnis um búsetu fyrir heimilislausu með fjölþættan vanda, þ.m.t. undirbúningi, innleiðingu og framkvæmd. Tillögunni, samkvæmt bókun frá fundi Velferðarnefndar SSH hinn 9. júní 2021, svo og kostnaðaráætlun vegna hennar, er nánar lýst í fyrirliggjandi minnisblaði sem lagt er fram til efnislegrar umfjöllunar stjórnar.

Gestir

Rannveig Einarsdóttir

Niðurstaða:

Stjórn fellst á framlagða tillögu, sem send verði til efnislegrar umræðu og afgreiðslu hjá viðkomandi sveitarfélögum.

Meðfylgjandi er minnisblað Rannveigar Einarsdóttur, f.h. samráðshóps velferðarsviða hjá SSH, dags. 1. nóvember 2021. Er þar lýst ofangreindri tillögu um að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur, standi sameiginlega að ráðningu verkefnastjóra. Verkefnastjórinn verði ráðinn tímabundið og hafi það verkefni að vinna að undirbúningi, innleiðingu og framkvæmd verkefnis er varðar búsetuúrræði fyrir heimilislausu með fjölþættan vanda. Gert er ráð fyrir að kostnaður skiptist hlutfallslega milli sveitarfélaganna til samræmis við íbúafjölda en nánari fjárhagsáætlun er að finna í minnisblaðinu. Gert er ráð fyrir að verkefnastjóri starfi á ábyrgð sviðsstjóra velferðarsviða sveitarfélaganna, og að samkomulag verði um aðsetur hans og aðra tilhögun starfsins.

Framangreind tillaga er samkvæmt framansögðu send til efnislegrar umræðu og afgreiðslu á vettvangi viðkomandi sveitarfélaga. Í framhaldi þess verði samráðshópnum falin frekari framkvæmd vegna umræddrar ráðningar og fyrirkomulags verkefnisins.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 1. maí næstkomandi. Sé frekari kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Minnisblað Rannveigar Einarsdóttur, dags. 1. nóvember 2021.